

## Afdrif tvíhljóðsins /eu/ í norrænu

Þorgeir Sigurðsson og Haukur Þorgeirsson

Frumnorræna tvíhljóðið /eu/ varð í íslensku oftast að /jó/ en yfirleitt að /jú/ á undan p, f, k, g. Austnorrænar heimildir sýna að sums staðar hefur niðurstaðan orðið /j/+tvíhljóð. Í þessu erindi er bent á að elstu dróttkvæðin sýna menjar um þetta málstig.

### Vitnisburður frá meginlandinu um að /eu/ hafi orðið /j/+tvíhljóð

a) Rúnaristur í Svíþjóð: Ög 136: <þiaurikR> = Þjóðrekr; Sö 266: <iaurun> = Jórunn

b) Rúnaristur í Danmörku: DR 26: <hiau> = hjó; DR 188: <þiauburi-> = Þjóðbjörg; DR 216: <suopiaupu> = Svíþjóðu; DR 221: <þiaupui> = Þjóðvé; DR 239: <þiaupui> = Þjóðvé

c) Málið á Gotlandi (bæði handrit og rúnaristur): *briauta, diaupt, biaupa, þiaup, þiaufr, hiaul, fiaurir, driaugr* o.s.frv.

d) Eitt tökuorð í finnsku: *joulu* „jól“

Sjá nánar Noreen 1923, Nielsen 1960.

### Bragi Boddason – hljóðið rímar við /au/

Kveðskapur Braga er jafnan talinn það elsta sem varðveitt er undir dróttkvæðum hætti.

*Ragnarsdrápa* 6.8 Jónakrs sonum launa (\*Jaunakrs)

*Ragnarsdrápa* 17.2 brautar þvengr inn ljóti (\*ljauti)

Brot 1.4 sundrkljúfr níu haufða (\*kljaufr)

Myndin *haufuð* sést af tveimur öðrum vísuorðum:

*Ragnarsdrápa* 13.8 valrauf fjogur haufuð

*Ragnarsdrápa* 4.8 laufi fátt at haufði

Flest „óregluleg“ rím í *Ragnarsdrápu* (öll í lokalínum) má skýra með því að u-hljóðverpt og i-hljóðverpt hljóð rími við frumhljóðin; *ó* rímar við *æ*; *á* rímar við *æ*; *au* rímar við *ey* o.s.frv.

Jafngildisflokkar í rími hafa orðið til áður en hljóðvörpin voru um garð gengin.

### Níunda öld – hljóðið rímar aðeins við sjálft sig

Næstelsta kvæðið er *Haustlöng* eftir Þjóðólfr úr Hvini. Þar rímar afkomandi /eu/ aðeins við sjálfan sig:

*Haustlöng* 5.8 upp þjórhuti fjóra

*Haustlöng* 18.8 brjótr við jörmunþrjóti

Aðrar vísur sem Finnur Jónsson taldi til 9. aldar sýna sama mynstur:

þjúgs þá ramman smjúga (Auðun illskælda)

fjón golf dáinn sjónum (Ölvir hnúfa)

geisla njóts meðan þjóta (Skallagrímur)

Skothendingar eru einnig athyglisverðar:

*Haustlöng* 5.1 Fljótt bað foldar dróttinn

*Haustlöng* 17.7 trjónu trolls of rúna

### Tíunda öld – flest eða öll mótdæmi óekta

Í útgáfu Finns Jónssonar finnast 18 dæmi frá 10. öld um að /jó/ rími við /ó/ eða /jú/ við /ú/. Í engri þessara vísna er hið fornlega fylliorð *of* (Kuhn 1929; Myrvoll 2014) og bragfræðileg mynstur eru ekki í samræmi við 10. öld heldur seinni tíma (Þorgeir Sigurðsson 2010). Má þá telja að þessar vísur séu ekki fornar. Að langmestu leyti er hér um að ræða lítt trúverðugar lausavísur í Íslendingasögum: þrjú dæmi í vísuðum eignuðum Agli; þrjú hjá Kormáki; tvö hjá Hólmgöngu-Bersa; eitt hjá Gísla, Víga-Styr, Birni Breiðvíkingakappa og Þórarni máhlíðingi. Elsta dæmið í konungasögunum er í vísu sem eignuð er Eyvindi skáldaspilli:

Blóðþaxar téa beiða  
brakþings fetilstinga  
(oss gerask hnept) ens hvassa  
hefnendr (setu efni) ;  
heldr es vant, en ek vilda  
veg þinn konungr, segja  
(fóum til fornra vápna  
fljótt) hersögu drótni.

Fyrsta línan í þessari vísu er ekki bragfræðilega tæk eins og hún er venjulega prentuð – lesa verður *tjá* en ekki *téa* og bendir það til þess að vísan sé í raun ort eftir 1100 og ekki réttilega eignuð Eyvindi (um samdregnar myndir sjá m.a. Myrvoll 2014).

Í lausavísu eftir Hallfreð vandræðaskáld eru fjögur dæmi um jó-ó-rím. Einnig kemur eitt dæmi fyrir í vísu í Fagurskinnu sem talin er úr erfidrápu um Ólaf Tryggvason og ekki virðist sérstaklega tortryggileg. Við treystum okkur ekki til að skera úr um hvort þessar vísur eru óekta eða hvort þær eru þær fyrstu sem sýna málbreytinguna.

### Ellefta öld – breytingaskeið

Á 11. öld er það enn algengast að /jó/ rími við sjálft sig en undantekningar eru svo margar og í svo áreiðanlegum heimildum að breyting hlýtur að hafa átt sér stað. Síðustu skáldin sem halda /jó/ út af fyrir sig í rími eru feðgarnir Þórður Kolbeinsson og Arnór Þórðarson. Í varðveittum verkum þeirra eru 11 dæmi um að /jó/ rími við /jó/ í aðalhendingum. Arnór er talinn fæddur um 1012 og lifði fram yfir orrustuna við Stafnfurðubryggju 1066.

### Tólfta öld – allt um garð gengið

Á 12. öld ríma skáldin hindrunarlaust /jó/ við /ó/ og /jú/ við /ú/. Breytingin er þá greinilega um garð gengin, eins og sést einnig af stafsetningu elstu íslensku handritanna og af *Fyrstu málfræðiritgerðinni*.

### Nokkrar heimildir

Kuhn, Hans. 1929. *Das Füllwort of-um im Altwestnordischen*.

Myrvoll, Klaus Johan. 2014. *Kronologi i skaldekvæde*.

Nielsen, Karl Martin. 1960. Til runedanskens ortografi. *ANF 75*.

Noreen, Adolf. 1923. *Altnordische Grammatik*.

Þorgeir Sigurðsson. 2010. „Þróun dróttkvæða og vísuorðhlutar að hætti Hans Kuhn“. *Són 9*.